

**Fjölfaldur rofaliði / tvöfaldur gardínuliði**

pöntunar-nr : 1036 00

Áttfaldur rofaliði / fjölfaldur gardínuliði

pöntunar-nr : 1037 00

Sextánfaldur rofaliði / áttfaldur gardínuliði

pöntunar-nr : 1038 00

notkunarleiðbeining

1 Öryggisleiðbeiningar

Einungis faglærðir rafvirkjar mega sjá um innbyggingu og uppsetningu rafmagnstækjanna.

Ef leiðbeiningum er ekki fylgt getur tækið skemmst, eldur komið upp eða önnur hættu skapast.

Hætta vegna raflosts. Tækið hentar ekki til að taka strauminn af.


Hætta á raflosti við SELV- eða PELV-raflagnir. Ekki má tengja notendur fyrir SELV, PELV eða FELV smáspennu í einu.

Ef hliðtengja á fleiri en einn mótur við sama útgang er mikilvægt að farið sé eftir leiðbeiningum frá framleiðendum og nota skal skiliða ef þörf krefur. Að öðrum kosti er hættu á því að móturarnir eyðileggist.

Notið eingöngu gardínumótora með vél- eða rafrænum endastöðurofum. Gangið úr skugga um að endastöðurofar séu rétt stilltir. Fara skal eftir leiðbeiningum frá framleiðendum móturanna. Tækið getur orðið fyrir skemmdum.

Ekki má tengja riðstraumsmótora. Tækið getur orðið fyrir skemmdum.

Þessar leiðbeiningar eru hluti af vörunni og verða að fylgja með til neytandans.

2 Tækjalýsing

mynd 1

- (1) Hnappareitur fyrir handstýringu
- (2) Forritunarhnappur og forritunarljós
- (3) Tenging KNX
- (4) Tenging við veituspennu
- (5) Stöðuljós útganga
- (6) Tenging notenda

3 Virkni

Kerfisupplýsingar

Þetta tæki er framleitt af KNX-Systems og uppfyllir allar kröfur og reglur KNX. Staðgóð fagþekking sem aðeins fæst á námskeiðum KNX er nauðsynleg til að skilja uppbyggingu og vinnslu tækisins.

Verkun tækisins er háð þeim hugbúnaði sem notaður er. Nákvæmar upplýsingar um slíkan hugbúnað og vinnslu mismunandi útgáfa hans er að finna í gagnabanka framleiðandans.

Undirbúningur, uppsetning og notkun tækisins má aðeins fara fram með hjálp KNX-vottaðs hugbúnaðar. Full virkni fæst með KNX-notkunarhugbúnaði frá og með útgáfu ETS3.0d.

Gagnabankann, nýjustu tæknilýsingar, umbreytiformrit og önnur hjálparformrit er að finna á vefsíðu okkar.

Rétt notkun

- Til að stjórna AC 230 V rafbúnaði með spennulausum snertum
- Til að stjórna rafknúnum gardínum, gluggahlerum, sólskyggnum og álíka
- Til uppsetningar á DIN-skinnu í greinitöflu

Eiginleikar tækis

- Hægt að stjórna útgöngum handvirkt, fyrir notkun á byggingasvæðum
- Svarmerki í handstýringu og stýringu með Bus
- Hægt er að stilla inn mismunandi senur
- Lokað er fyrir einstaka útganga handvirkt eða með Bus

Eiginleikar rofastýringar


- Lokunar- eða opnunarvirkni
- Tengingarvirkni og virkni þvingaðrar færslu
- Svarmerkisvirkni
- Miðlæg skiptiaðgerð með safnsvarmerki
- Tímastillingar: töf á því að kveikt sé og slökkt, ljósrofi fyrir stigagang með viðvörðun

Eiginleikar gardínustýringar

- Hentar fyrir 230 V riðstraumsmótora
- Hægt er að stjórna því beint hversu mikið er dregið fyrir
- Hægt er að stjórna stöðu rimlanna beint
- Boð um keyrslustöðu, það hversu mikið er dregið fyrir og stöðu rimla
- Þvinguð staða með yfirskipaðri stýringu
- Öryggisvirkni: 3 sjálfstæðar vindviðvaranir, regnviðvörðun, frostviðvörðun
- Sólskyggisvirkni

4 Notkun

Stjórnæki



mynd 2

- (5) Stöðuljós útganga
- (7) Hnappur – Handstýring
- (8) Ljósdióða – Kveikt: Varanleg handstýring virk
- (9) Hnappur **ON/▲** – Kveikja eða gluggatjöld upp / stopp
- (10) Ljósdióða **ON/▲** – Kveikt: Kveikt eða gluggatjöld fara upp, handstýring
- (11) Hnappur **OFF/▼** – Slökkva eða gluggatjöld niður, handstýring
- (12) Ljósdióða **OFF/▼** – Kveikt: Slökkt eða gluggatjöld fara niður, handstýring
- (13) Hnappur **ALL OFF** – Slökkt á öllum útgöngum og mótorar stöðvaðir.

Þegar stjórnað er með hnappareitnum gerir tækið greinarmun á því hvort ýtt er stutt eða lengi á hnapp.

- Stutt: Ýtt á hnapp í minna en 1 sekúndu
- Lengi: Hnappi haldið inni í 1 til 5 sekúndur

Stöðuljós

Stöðuljósin **A1... (5)** sýna stöðu útganga hverju sinni (mynd 1).

- Slökkt: Slökkt á útgangi
- Kveikt: Kveikt á útgangi
- Blikkar hægt: Útgangur í handstýringu
- Blikkar hratt: Lokað fyrir útgang með varanlegri handstýringu

Vinnslumátar

- Bus-stýring: Stýring með snertiskynjurum eða öðrum Bus-tækjum
- Tímabundin handstýring: Handvirk stýring með hnappareit á staðnum, fer sjálfkrafa aftur í Bus-stýringu
- Varanleg handstýring: Eingöngu handvirk stýring á tækinu
- Ekki er hægt að nota Bus-stýringu samhliða handstýringu.
- Nota má handstýringu ef Bus verður óvirkur.
- Þegar Bus verður aftur virkur skiptir tækið yfir á Bus-stýringu.
- Þegar rafmagnið kemst aftur á eftir rafmagnsleysi skiptir tækið yfir á Bus-stýringu.
- Meðan á vinnslu stendur er hægt að loka fyrir handstýringu með Bus-boðum.

Forgangur við gardínustýringu

- Mesti forgangur: Handstýring
- 2. forgangur: Þvinguð staða
- 3. forgangur: Öryggisvirkni
- 4. forgangur: Sólskyggni
- Minnsti forgangur: Bus-stýring: upp og niður, rimlastilling, senur, staðsetning

Stillt á tímabundna handstýringu


Stýring með hnappareit er forrituð og ekki er lokað fyrir hana.

- Styðjið á hnappinn .
Stöðuljós **A1** blikkar, slökkt er á ljósdíóðu .

 Ef ekki er stutt á hnapp innan 5 sekúndna fer rofaliðinn sjálfkrafa aftur í Bus-stýringu.

Stillt af tímabundinni handstýringu

Tækið er stillt á tímabundna handstýringu.

- Styðjið ekki á hnapp í 5 sekúndur.
- eða -
- Styðjið endurtekið á hnappinn  þar til rofaliðinn fer úr tímabundinni handstýringu.



Stöðuljós **A1...** eru hætt að blikka og sýna nú stöðu útgangsins.

Skiptiútgangar: Þegar stillt er af handstýringu skipta útgangslíðarnir í stöðuna sem er virk hverju sinni, t.d. þvingaða stýringu eða tengingu, allt eftir forritun.

Gardínuútgangar: Þegar stillt er af handstýringu fara gluggatjöldin í stöðuna sem er virk hverju sinni, t.d. þvingaða stöðu, öryggisstöðu eða sólskygnisstöðu, allt eftir forritun.



Stillt á varanlega handstýringu

Stýring með hnappareit er forrituð og ekki er lokað fyrir hana.

- Haldið hnappinum  inni í a.m.k. 5 sekúndur.
Ljósdíóða  logar, stöðuljós **A1** blikkar, stillt er á varanlega handstýringu.

Stillt af varanlegri handstýringu

Tækið er stillt á varanlega handstýringu.

- Haldið hnappinum  inni í a.m.k. 5 sekúndur.
Slökkt er á ljósdíóðu  og stillt er á Bus-stýringu.

Skiptiútgangar: Þegar stillt er af handstýringu skipta útgangslíðarnir í stöðuna sem er virk hverju sinni, t.d. þvingaða stýringu eða tengingu, allt eftir forritun.

Gardínuútgangar: Þegar stillt er af handstýringu fara gluggatjöldin í stöðuna sem er virk hverju sinni, t.d. þvingaða stöðu, öryggisstöðu eða sólskygnisstöðu, allt eftir forritun.

Stjórnun útganga

Tækið er stillt á varanlega eða tímabundna handstýringu.

- Styðjið endurtekið á hnapp  þar til réttur útgangur er valinn.
Stöðuljós valda útgangsins **A1...** blikkar.

Ljósdíóður **ON/▲** og **OFF/▼** gefa stöðuna til kynna.

- Stjórnid útganginum með hnappi **ON/▲** eða **OFF/▼**.
Skiptiútgangar: Kveikt eða slökkt.

Gardínuútgangar:

Stutt: Gluggatjöldin stöðvuð.

Lengi: Gluggatjöldin upp/niður.

Útgangurinn sem er valinn framkvæmir samsvarandi skipanir.

Ljósdíóður **ON/▲** og **OFF/▼** gefa stöðuna til kynna.

 Tímabundin handstýring: Eftir að farið hefur verið í gegnum alla útganga fer tækið úr handstýringu þegar stutt er aftur á hnappinn.




Öllum útgöngum slegið út / Öll gluggatjöld stöðvuð

Tækið er stillt á varanlega handstýringu.

- Styðjið á hnappinn **ALL OFF**.
Allir útgangar slá út og öll gluggatjöld stöðvast.


Lokað fyrir tiltekna útganga

Tækið er stillt á varanlega handstýringu.

- Styðjið endurtekið á hnapp  þar til réttur útgangur er valinn.
Stöðuljós valda útgangsins **A1...** blikkar.
 - Haldið hnöppum **ON/▲** og **OFF/▼** báðum inni í einu í a.m.k. 5 sekúndur.
Lokað er fyrir valda útganginn.
Stöðuljós valda útgangsins **A1...** blikkar hratt.
 - Gerið Bus-stýringu virka (sjá kaflann „Stillt af varanlegri handstýringu“).
-  Í handstýringu er hægt að stjórna útgangi sem lokað hefur verið fyrir.
-  Þegar útgangur sem lokað hefur verið fyrir er valinn í handstýringu blikkar viðkomandi stöðuljós stutt tvisvar sinnum með reglulegu millibili.

Opnað fyrir útganga

Tækið er stillt á varanlega handstýringu.

- Styðjið endurtekið á hnapp  þar til réttur útgangur er valinn.
Stöðuljós valda útgangsins **A1...** blikkar stutt tvisvar sinnum með reglulegu millibili.
- Haldið hnöppum **ON/▲** og **OFF/▼** báðum inni í einu í a.m.k. 5 sekúndur.
Opnað hefur verið fyrir valda útganginn.
Ljósdióða valda útgangsins blikkar hægt.
- Gerið Bus-stýringu virka (sjá kaflann „Stillt af varanlegri handstýringu“).

5 Upplýsingar fyrir faglærða rafvirkja

5.1 Uppsetning og straumtenging



HÆTTA!

Raflost við snertingu á hlutum með straumi á.

Raflost getur verið banvænt.


Áður en unnið er við tækið skal taka strauminn af og breiða yfir nálæga spennuleiðandi hluti!

Uppsetning tækisins

Gæta verður að hitasviði. Sjáið til þess að nægileg kæling sé fyrir hendi.

- Komið tækinu fyrir á skinnu sem samræmist DIN EN 60715. Útgangsklemmurnar verða að snúa upp.

Tækið tengt



mynd 3

- Tengid Bus-leiðsluna með tengiklemmu.
- Tengid við veituspennu.
- ⓘ Ástand við afhendingu: Hægt að stjórna útgöngum með hnappareit, fyrir notkun á byggingasvæðum. Allir útgangar eru stillir sem gardínuútgangar.

Tengt álag tengt

Útgangurinn er skilgreindur sem skiptiútgangur.


**VARÚÐ!**

Ef of mikið álag er á tækinu ofhitnar það.

Tækið og leiðslur sem tengdar eru við það geta orðið fyrir skemmdum á tengisvæðinu.

Gæta verður þess að rafstraumur sé innan tilgreinds straumpols.

- Tengid tengt álag (mynd 4).



mynd 4

Gardínumótorar tengdir

Fyrir gardínumótora mynda tveir samliggjandi liðaútgangar einn gardínuútgang. Liðaútgangurinn vinstra megin **A1, A3...** er fyrir hreyfingu upp og liðaútgangurinn hægra megin **A2, A4...** er fyrir hreyfingu niður.

Útgangurinn er skilgreindur sem gardínuútgangur.


**VARÚÐ!**

Ef of mikið álag er á tækinu ofhitnar það.

Tækið og leiðslur sem tengdar eru við það geta orðið fyrir skemmdum á tengisvæðinu.

Gæta verður þess að rafstraumur sé innan tilgreinds straumpols.


- Tengid mótora (mynd 5).



mynd 5

Lokið sett á

Setja verður lok á til að vernda Bus-tenginguna fyrir hættulegri spennu á tengisvæðinu.




mynd 6: Lokið sett á

- Leiðið Bus-leiðsluna aftur.

- Setjið lokið á Bus-klemmuna þannig að það skorðist (mynd 6).

Lokið tekið af



mynd 7: Lokið tekið af

- Ýtið lokinu til hliðar og takið það af (mynd 7).

5.2 Ræsing

Keyrslutími gluggatjaldanna og rimla mældur

Keyrslutími gluggatjaldanna skiptir miklu máli fyrir stöðu- og senukeyrslur. Þegar um rimlagardínur er að ræða er stillitími rimlanna hluti af heildarkeyrslutíma gluggatjaldanna. Opnunarhorn rimlanna er því stillt sem keyrslutími milli opinnar og lokaðrar stöðu.

Það tekur yfirleitt lengri tíma að fara upp en niður og tekið er tillit til þess með keyrslutímalengingu í %.

- Mælið hversu langan tíma það tekur að keyra gluggatjöldin upp og niður.
- Mælið hversu langan tíma það tekur að færa rimlana úr opinni í lokaða stöðu.
- Færið niðurstöður mælinga inn í færíbreytustillingu, keyrslu niður í sekúndum og lengingu keyrslutíma í prósentum.

i Ef keyrslutími er greindur sjálfkrafa þarf ekki að mæla keyrslutíma gluggatjaldanna.

i Ekki er hægt að mæla stillitíma rimlanna sjálfkrafa.

Vistfangi og verkhubúnaði hlaðið inn

- Setjið Bus-spennu á.
- Úthlutið raunvistfangi og hlaðið verkhubúnaði inn í tækið.
- Skrifjið raunvistfangið niður á miðann á tækinu.

6 Viðauki

6.1 Tæknilýsing

Orka

Málspenna

Raftíðni

Orkutap

pöntunar-nr 1036 00

pöntunar-nr 1037 00

pöntunar-nr 1038 00

Umhverfisskilyrði

Umhverfishitastig

Geymslu- og flutningshitastig

AC 230 / 240 V ~
50 / 60 Hz

hám. 2 W

hám. 3 W

hám. 4,5 W

-5 ... +45 °C

-25 ... +70 °C

Útgangar	μ-snerta, einstöðug
Tegund snertu	AC 250 V ~
Rofspenna	16 A
Skiptistraumur AC1	16 AX
Flúrperur	
Straumþol	
samliggjandi útgangar	Σ 20 A
Tæki	
pöntunar-nr 1036 00	Σ 40 A
pöntunar-nr 1037 00	Σ 80 A
pöntunar-nr 1038 00	Σ 160 A
Álag á hvern útgang	
Viðnám	3000 W
Rýmdarálág	hám. 16 A (140 μ)
Mótorar	1380 VA
Tengistraumur 200 μs	hám. 800 A
Tengistraumur 20 ms	hám. 165 A
Álag á ljósum	
Glóperur	3000 W
Háspenntar halógenperur	2500 W
Lágspenntar halógenperur með Tronic-spenni	1500 W
Lágspenntar halógenperur með spanspenni	1200 VA
Flúrperur T5/T8	
án þetta	1000 W
með hliðtengdum þéttum	1160 W (140 μF)
Tvöföld tenging	2300 W (140 μF)
Sparperur	
án þetta	1000 W
með hliðtengdum þéttum	1160 W (140 μF)
Kvikasilfursperur	
án þetta	1000 W
með hliðtengdum þéttum	1160 W (140 μF)
Tengingar fyrir spennugjöf og álag	
Tegund tengingar	Skrúfuklemma
einþátta	0,5 ... 4 mm ²
fínþráða án endahlífar	0,5 ... 4 mm ²
fínþráða með endahlíf	0,5 ... 2,5 mm ²
Ísetningarbreydd	
pöntunar-nr 1036 00	72 mm / 4 TE
pöntunar-nr 1037 00	72 mm / 4 TE
pöntunar-nr 1038 00	144 mm / 8 TE
Þyngd	
pöntunar-nr 1036 00	ca. 250 g
pöntunar-nr 1037 00	ca. 290 g
pöntunar-nr 1038 00	ca. 460 g
KNX	
KNX-miðill	TP 1
Byrjunarhamur	S-hamur
Málspenna KNX	DC 21 ... 32 V SELV
Afkastaskráning KNX	gerð 150 mW
Tegund tengingar Bus	Tengiklemma

6.2 Aðstoð í neyðartilfellum

Handstýring með hnappareit ekki möguleg

Orsök 1: Handstýring hefur ekki verið forrituð.

Forritið handstýringu.

Orsök 2: Lokað er fyrir handstýringu með Bus.

Opnið fyrir handstýringu.

Ekki er hægt að stjórna útgangi

Orsök: Lokað er fyrir útganginn.

Opnið aftur fyrir.

Ekki er hægt að stjórna útgöngum

Orsök 1: Lokað er fyrir alla útgangana.

Opnið aftur fyrir.

Orsök 2: Varanleg handstýring er virk.

Gerið handstýringu óvirka (stillið af varanlegri handstýringu).

Orsök 3: Verkbúnaður var stöðvaður, forritunarljósið blikkar.

Endurstillið: Takið tækið úr sambandi við Bus og kveikið aftur að 5 sekúndum liðnum.

Orsök 4: Enginn verkbúnaður eða hann í ólagi.

Yfirfarið forritunina og leiðréttið hana.

Ekki er hægt að stjórna gardínuútgöngum

Orsök: Þvinguð staða, öryggisvirkni eða sólskyggni virkt.

Á meðan yfirskipaðar aðgerðir fyrir gardínuútgang eru virkar er ekki hægt að stjórna þessum tiltekna útgangi.

Stöðu- og senukeyrslur eru ekki framkvæmdar eða ekki framkvæmdar rétt

Orsök 1: Sólskyggni, öryggisvirkni, þvinguð staða eða handstýring er virk.

Ekki er hægt að framkvæma stöðu- eða senukeyrslur á meðan yfirskipaðar aðgerðir eru virkar.

Gluggatjöldin fara ekki í endastöðu, villur í stöðu- og senukeyrslum

Orsök: Keyrslutími gluggatjaldanna er ekki rétt stilltur inn.

Leiðréttið keyrslutíma gluggatjaldanna.

Gluggatjöldin fara upp fyrir stöðu- og senukeyrslu

Orsök: Engin staða vistuð, t.d. vegna rafmagnsleysis.

Gluggatjöldin framkvæma viðmiðunarkeyrslu. Ekki stöðva keyrslu gluggatjaldanna.

6.3 Ábyrgð

Söluaðilar annast þjónustu vegna ábyrgðar samkvæmt lagaákvæðum.

Vinsamlegast afhendið eða sendið (án burðargjalds) tæki sem eru í ólagi til viðkomandi söluaðila (sérverslunar/uppsetningaraðila/raftækjaverslunar) og látið fylgja með lýsingu á því sem á bjátar. Söluaðilinn sendir tækin áfram til Gira Service Center.

Gira**Giersiepen GmbH & Co. KG**

Elektro-Installations-
Systeme

Industriegebiet Mermbach
Dahlienstraße
42477 Radevormwald

Postfach 12 20
42461 Radevormwald

Deutschland

Tel +49(0)21 95 - 602-0
Fax +49(0)21 95 - 602-399

www.gira.de
info@gira.de